



Reykjavík, 1. nóvember 2023
IER22110017
HS/KBHB/KHV

Skýrsla um eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar

Fagsvið persónuverndar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur staðið að skýrslu um eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar. Í skýrslunni var leitast við að öðlast yfirsýn yfir rafræna vöktun sem fer fram með eftirlitsmyndavélum á vegum Reykjavíkurborgar og fá betri mynd af því hvort lagaskilyrði séu uppfyllt. Með aukinni yfirsýn er auðveldara að framfylgja eftirliti með því hvort staðið sé við skuldbindingar Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila gagnvart lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Markmið skýrslunnar er að veita ábyrgðaraðilum ráðgjöf sem miðar að hlítni við persónuverndarlög og persónuverndarreglugerð.

Upplýsingar úr skýrslunni eru fengnar frá starfseiningum borgarinnar. Niðurstöður skýrslunnar eru ekki tæmandi yfirlit yfir málefni rafræns eftirlits en eru til þess fallnar að greina tækifæri til úrbóta þegar kemur að yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi, uppsetningu myndavéla og meðferð efnis sem verður til úr eftirlitsbúnaði. Skýrslan getur því bæði nýst starfsstöðvum Reykjavíkurborgar, fagsviði persónuverndar og persónuverndarteymi Reykjavíkurborgar til áframhaldandi gæðastarfs í tengslum við persónuvernd.

Skýrslan var lögð fram og kynnt endurskoðunarnefnd á fundi þeirra þann 30. október sl. Endurskoðunarnefnd vísaði skýrslunni til borgarráðs til kynningar og í framhaldi til kynningar í fagráðum sem þess óska.

Persónuverndarfulltrúi og fagsvið persónuverndar hafa eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veita starfsfólki ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við lög og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Gott þverfaglegt samstarf á sviði persónuverndar hefur orðið innan Reykjavíkurborgar, m.a. með tilkomu persónuverndarteymis Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir áframhaldandi samstarfi við starfsstöðvar Reykjavíkurborgar. Ávallt er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar í síma 411-4614 eða með tölvupósti á netfangið personuverndarfulltrui@reykjavik.is eða Kolbrun.Birna.Hallgrimsdottir@reykjavik.is.

Virðingarfyllst,

Hallur Simonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann
Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Skýrsla um eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar, dags. október 2023